

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 27. október 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Tillag að breyttum samþykktum um hundahald í Höfðahreppi.

Fyrir fundinum lá tillaga sveitarstjóra að samþykktum um hundahald í sveitarfélaginu. Eldri reglur voru samþykktar 1974 og nýjar reglur að mörgu leyti frábrugðnar þeim. Umræður urðu um reglurnar en þær voru síðan samþykktar og eldri reglur falla þar með úr gildi.

2. Samantekt um bleikjueldi í Hrafnadal.

Fyrir fundinum lá skýrsla unnin af Valdimar Inga Gunnarssyni um möguleika á bleikjueldi í Hrafnadal. Í skýrslunni er greint frá helstu forsendum þess að slíkt eldi geti borið sig. Fram kemur að aðstæður séu tæpast nægjanlega hagstæðar til að mögulegt sé að koma matfiskeldi á bleikju upp á svæðinu. Skýrslan sem unnin var í samstarfi við Brim hf. var til kynningar og ákveðið að leita eftir því við Brim hvort ástæða sé til frekari skoðunar á málinu.

3. Erindi Sjávarútvegsráðuneytisins um byggðakvóta.

Fyrir fundinum lá bréf ráðuneytisins þar sem tilkynnt er um að 19,4 þorskígildislestir komi í hlut Höfðahrepps við úthlutun byggðakvóta. Í bréfinu kemur einnig fram að sveitarstjórnnum sé gefinn kostur á að gera tillögur um úthlutun aflaheimilda sem í hlut sveitarfélagsins koma. Skulu þær hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. nóv. nk. Meðfylgjandi bréfinu var bréf sveitarstjóra til ráðuneytisins dags. 18. september sl. þar sem gerð var grein fyrir tillögum hreppsnefndar um úthlutunarreglum sbr. fund 10. september sl. Málið var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna þess.

4. Bréf:

a) Héraðsnefndar Austur Húnavetninga um sorpurðunarstað, 14. október 2003.

Fyrir fundinu lá bréf framkvæmdastjóra héraðsnefndar þar sem fram kemur að unnið er að leit og skilgreiningu á nýjum sorpurðunarstað fyrir Austur Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Fyrir liggja m.a. að gera umhverfismat á þeim stöðum sem til greina koma og áætlað að kostnaður við það geti numið allt að 5 milljónum króna. Með bréfinu er óskað eftir afstöðu hreppsnefndar til þess að héraðsnefndin hafi umboð til að vera sá aðili sem vinnur að málinu fyrir Austur Húnavatnssýslu. Hreppsnefnd samþykkti erindið fyrir sitt leyti.

b) Héraðsnefndar Austur Húnavetninga um almannavarnarnefnd, 14. október 2003.

Fyrir fundinum lá bréf framkvæmdastjóra héraðsnefndar þar sem kemur fram að héraðsráð hafi samþykkt að beina því til sveitarstjórna í Austur Húnavatnssýslu að héraðsnefnd verði falið að semja við Húnaþing vestra um skipun almannavarnarnefndar fyrir Húnavatnssýslur í ljósi nýrra laga um almannavarnir. Jafnframt er óskað eftir umboði til að annast stjórnssýslu varðandi almannavarnir og að tilnefna fulltrúa í nefndina. Hreppsnefnd samþykkti erindið fyrir sitt leyti.

27. október 2003

c) Alnæmissamtakanna, 9. október 2003.
Með bréfinu er óskað eftir styrk til reksturs samtakanna á komandi ári og jafnframt gerð nokkur grein fyrir starfsemi samtakanna. Hreppsnefnd taldi ekki efni til að taka þátt í rekstri samtakanna.

d) Atvinnuþróunarfélags Norðurlands vestra, 13. október 2003.
Í bréfinu kemur fram að áhugi hafi vaknað fyrir að stofna öryggisþjónustufyrirtæki í sýslunni og óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess hvort áhugi sé fyrir að nýta þjónustu þess ef af verður. Fram kom að á vegum sveitarfélagsins eru ekki sjálfvirk vöktunarkerfi sem féllu undir þessa skilgreiningu og því var ekki áhugi á þessu stigi að kaupa þjónustu öryggisþjónustufyrirtækis.

e) Skúla Torfasonar tannlæknis, 8. október 2003
Tilefni bréfsins er ástand tannlæknastofu á heilsugæslunni á Skagaströnd. Í bréfinu kemur m.a. fram að bréfitari er að kaupa rekstur tannlæknastofunnar á Blönduósi og Skagaströnd. Einnig kemur fram að mikil þörf er á endurnýjun búnaðar á stofunni. Bréfið var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna þess.

5. Fundargerðir:

a) Húsnæðisnefndar, 16. október 2003.
Fundargerðin var samþykkt.

b) Héraðsnefndar, 7. október 2003.
Fundargerðin var til kynningar.

c) Héraðsráðs, 13. október 2003.
Fundargerðin var til kynningar.

6. Önnur mál.

- a) Oddviti greindi frá fundi sem hann sat um málefni sjávarútvegsfélagsins Brims, föstudaginn 24. október sl. Mikil umræða varð um sjávarútvegsból almennt.
- b) Oddviti vakti máls á að hópur sem stofnað var til um greiningu atvinnumála fyrir rúmu ári síðan hafi ekki komið saman og formaður hópsins sé fluttur af staðnum. Samþykkt að tilnefna Halldór G. Ólafsson í hópinn í stað Bergs Ágústssonar og að hann taki að sér að stýra starfi hópsins.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 09⁵⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

27. október 2003